

Fundargerð byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki

22. fundur byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki haldinn þriðjudaginn 18. febrúar 2020 í Norðursal, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 15:00.

Mætt: Arna Ír Gunnarsdóttir, formaður, Hrund Harðardóttir, Jóhann Stefánsson, staðgengill Helgu Sighvatsdóttur, Óðinn K. Andersen, Atli Marel Vokes, Eiríkur Steinn Búason, Birgir Edwald, Bragi Bjarnason, Ólafur Þ. Hersisson frá Hornsteinum, Kári Gunnarsson frá Eflu og Þorsteinn Hjartarson sem ritaði fundargerð. Tómas Ellert Tómasson boðaði forföll.

Eiríkur Steinn fór yfir meginverkefni fundarins.

Ólafur lagði fram uppfærðar teikningar frá síðasta fundi og rifjaði upp það helsta sem var rætt. Stærðartafla hefur verið unnin og borin saman við forsögnina. Grunnmynd af lagnakjallara varpað upp sem myndi þjóna húsinu að mestu. Arkitektar eru ánægðir með það sem Efla hefur lagt upp.

Litið á heilarteikningu og nú þarf að taka ákvörðun um hvað verður hluti af áfanga 1. Tvö viðbótarrými hafa verið tekin í kjölfar síðasta fundar. Nú leggja þeir til að taka út hæðarskiptinguna, þ.e.a.s. tröppur ofan í salinn. Lofthæð í fjölnotasalnum verður þannig að auðvelt er að samnýta hann með matsalnum. Frekar væri e.t.v. hægt að nýta hreyfanlegan búnað. Farið yfir innra- og heildarskipulag, m.a. á 1. áfanga. Nú er gert ráð fyrir að fjölnotasalurinn sé með tvöfalda lofthæð en æfingasalur tónlistarskólans með lægri lofthæð. Spáð í fjölda salerna en horft var á reglugerð í þeirri vinnu. Kynnti lagna- og skriðkjallara og lofthæð í kennslurýmum sem gagnast fyrir lagnir. Sérstaklega horft á að hljóðvist verði góð. Smá landslag verður í stóru rýmum. Gera ráð fyrir lághallandi þaki á skólanum. Athuga þarf betur skilmála í deiliskipulagi.

Skoðun á töflu húsrýmisáætlunar í samanburði við það sem hefur verið teiknað. Gangabreiddir og miðrymi. Hægt er að minnka þau aðeins til að minnka heildarfermetrafjöldann svo allt verði meira í takt við forsögn. Mikil umræða um lofthæðir í fjölnotasal og hljómburð. Miklir kostir að vinna með hann gagnvart hljómburði út af hæðinni. Einnig er talað um í forsögn að hægt sé að skipta honum upp.

Þegar fólk kemur inn í skólann þá tekur torg á móti því og margt blasir við í öllum áttum. Umræða um notkun á fjölnotasal í byrjun fyrir hreyfingu meðan íþróttahúsið er ekki komið.

Næstu skref. Minnisblað/skýrsla gæti verið tilbúin í næstu viku til að leggja fyrir nefndir. Þar væri m.a. lýsing á mannvirkinu, kostnaðargreining og tímaplan fyrir framkvæmdina. Gera þarf umsögn byggingarnefndar fyrir pakkan sem verður lögð fyrir eigna- og veitunefnd.

Umræða um skólalóðina í 1. áfanga. Bílastæði o.fl. er hluti af húsinu. Umræða um fráveitustúta, litlu veiturnar o.fl. Lagnir verða miðaðar við heildarstærð hússins. Íþróttamálin í ferli.

Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 5. mars kl. 14:30 á Austurvegi 67 og þá þurfa allir að vera búnir að fara vel yfir skýrsluna

Fundi slitið kl. 14:30